

Reykjavík, 6. janúar 2021

Orkustofnun
os@os.is
Orkugarði
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Athugasemdir Norðuráls við kerfisáætlun Landsnets 2020-2029

Norðurál þakkar Orkustofnun fyrir tækifæri til að koma á framfæri svörum við viðbrögðum Landsnets við umsögnum vegna kerfisáætlunar. Jafnframt vísar Norðurál í fyrri umsögn sína sem send var Orkustofnun 12. nóvember 2020. Þar er komið á framfæri helstu athugasemdum Norðuráls við kerfisáætlun sjálfa. Nýjustu svör Landsnets gefa hins vegar tilefni til að áréttta ýmis atriði er varða samkeppnishæfni íslenskrar raforku og iðnaðar.

Metnaðarleysi Landsnets sem þátttakanda í því að skapa samkeppnishæft og atvinnuskapandi umhverfi á Íslandi endurspeglast í eftirfarandi orðum fyrirtækisins: „villandi framsetning að fjalla bara um verð á flutningi þegar það er verð á afhentri orku sem skiptir máli og ætti vinnslan því einnig að vera til umfjöllunar“¹. Að sjálfsögðu er það verð á afhentri orku sem skiptir öllu máli en hluti af því verði er verð á flutningi og því gefur það augaleið að fjalla þarf um bæði flutningskostnað og orkukostnað. Að því gefnu er augljóst að umræðan nær engri átt ef flutningsfyrirtæki segir að ekki þurfi að líta til flutningskostnaðar heldur orkukostnaðar og orkufyrirtæki segi að ekki þurfi að líta til orkukostnaðar heldur flutningskostnaðar. Að okkar mati er það villandi framsetning að halda því fram að umræða um flutningskostnað eigi ekki við í umfjöllun um kerfisáætlun flutningskerfisins heldur eigi þar að fjalla um afhent verð.

Landsnet heldur því fram að það hafi „ekki neina þýðingu að tala um verð á vöru eða þjónustu sem ekki er hægt að afhenda, eins og staðan er fyrir þá notendur sem vilja tengjast kerfinu í dag“². Norðurál á erfitt með að skilja hvað við er átt hér. Vill Landsnet þá meina að þessi flutningskostnaður sé ímyndaður hjá núverandi viðskiptavinum? Að þessi kostnaður skipti núverandi viðskiptavini og þeirra samkeppnishæfni ekki máli? Að hver flutningskostnaður á Íslandi hafi ekki áhrif á ímynd landsins og samkeppnishæfni þegar kemur að því að selja raforku til orkusækings iðnaðar?

Lækkun á gjaldskrá Landsnets síðastliðin ár er að mestu ef ekki öllu leyti vegna þess að Landsneti bar að greiða gengishagnað sem myndaðist á árunum 2008-2010 til baka til stórnotenda eins og kemur fram í tölvupósti frá Landsneti sendum til notenda 29. maí 2019:

„Flutningsgjaldskrá Landsnets er í samræmi við tekjumörk sem Orkustofnun setur Landsneti á hverjum tíma.

Breytingar hafa orðið undanfarið á raforkumarkaði með tilkomu nýrra stórnotenda ásamt því að stórar fjárfestingar sem voru áætlaðar hafa dregist

¹ <https://orkustofnun.is/media/raforkueftirlit/Vidbrogd-Landsnets-vid-umsognum-vidskiptavina-2020.pdf>

² <https://orkustofnun.is/media/raforkueftirlit/Vidbrogd-Landsnets-vid-umsognum-vidskiptavina-2020.pdf>

verulega vegna tafa í undirbúnings- og leyfisferlum.

Í bráðabirgðarákvæði II í lögum um breytingu á raforkulögum frá 1. mars 2011 segir að Landsneti ber að greiða gengishagnað sem myndaðist á árunum 2008-2010 til baka til stórnotenda á næstu tíu árum, eða í lok árs 2020. Landsnet hefur verið í endurgreiðslufasa vegna þessarar eldri skuldar við stórnotendur og hefur flutningsgjaldskráin því ekki endurspeglar rétt virði í langan tíma. Vegna ofangreindra breytinga hefur endurgreiðslan gengið hægar fyrir sig en annars hefði verið sem veldur einnig þrýstingi á lækkun á gjaldskrá til stórnotenda.

Vegna ofangreindra breytinga og til að uppfylla bráðabirgðaákvæði raforkulaga er því nauðsynlegt að bregðast við með lækkun á gjaldskrá til stórnotenda í afmarkaðan tíma, eða á meðan verið er að ljúka endurgreiðslu. Gjaldskrárlækkunin mun því ganga til baka um mitt ár 2020 með hækkun á gjaldskrá til stórnotenda. Gjaldskráin mun þar af leiðandi komast í jafnvægi, verða gagnsæ og endurspeglar rétt virði.

Tekin hefur verið ákvörðun um að lækka gjaldskrá til stórnotenda tímabundið um 9,5% frá og með 1. júlí 2019. Hækkun um 9,5% er fyrirsjáanleg aftur um 12 mánuðum seinna.

Breyting verður gerð á afhendingar-, afl- og orkugjaldi fyrir stórnotendur.”³

Flutningskostnaður hækkaði að þessari aðgerð lokinni og auk þess hækkaði gjaldskrá aftur þann 1. janúar 2021 vegna þess að „uppsöfnuð þörf á hækkun á gjaldskrá hefur myndast á tímabilinu 2017-2019“⁴. Allar fullyrðingar um hversu lánsamir viðskiptavinir Landsnets eru vegna lækkunar á tímabilinu 2013-2020 eru því ekki réttar. Þegar samanburður er gerður við flutningskostnað í þeim löndum sem keppa við Ísland í að selja raforku til orkusækings iðnaðar kemur í ljós hversu betur sett þau eru. Í Evrópu eru það helst tvö lönd, Noregur og Svíþjóð (í tilfelli gagnavera), og þar er flutningskostnaður margfalt lægri en á Íslandi. Samanburður við meðaltal allra Evrópulanda (óháð stærð notenda) sýnir skilningsleysi á samkeppnislöndum Íslands þegar kemur að sölu á raforku.

Norðuráli finnst það óviðeigandi af Landneti að gera lítið úr áhyggjum viðskiptavina sinna vegna minnkandi notkunar. Auk þess er það ábyrgðarlaust að gera frekar ráð fyrir aukinni notkun, byggða á tilfinningu Landsnets, frekar heldur en rauntölum sem sýna minnkandi notkun auk þess sem að blikur eru á lofti að einn eða fleiri stórnotendur gætu lagst af. Landsnet slær þessar áhyggjur af borðinu sem sveiflur á skammtímamörkuðum en það er lengra síðan þessi þróun hófst en svo að hægt sé að kenna COVID-19 faraldrinum um. Það er því óásættanlegt að brunað sé áfram í viðamiklar fjárfestingar án þess að taka nokkurt tillit til viðskiptavina sinna, þeirra sem bera flutningskerfið uppi. Þó flutningskerfi séu hönnuð áratugi fram í tímann þá þurfa þau líka að hafa notendur áratugi fram í tímann.

Virðingarfyllt,
Guðrún Halla Finnsdóttir
verkefnastjóri viðskiptaþróunar
f.h. Norðuráls
GudrunHalla@nordural.is
696-9556

³ Tölvupóstur frá Landsneti til viðskiptavina 29.5.2019

⁴ Tölvupóstur frá Landsneti til viðskiptavina 24.11.2020